

Ár 2012, fimmtudaginn 20. september kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Fjárlaganefnd frá 3. september 2012.

Í bréfinu er fulltrúum Hveragerðisbæjar boðið að funda með fjárlaganefnd Alþingis.

Bæjarstjóra falið að hitta nefndina og ræða stöðuna varðandi talþjálfun barna og ungmenna og önnur mál.

1.2. Innanríkisráðuneytinu frá 30. ágúst 2012.

Í bréfinu eru upplýsingar um uppgjör á framlagi frá Jöfnunarsjóði vegna lækkaðra fasteignaskattstekna 2012.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Innanríkisráðuneytinu frá 3. september 2012.

Í bréfinu er boðið til ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012 sem haldinn verður 26. september á Hilton Hótel Nordica.

Lagt fram til kynningar. Fulltrúi Hveragerðisbæjar verður Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

1.4. Umhverfis- og auðlindarráðuneytinu frá 3. september 2012.

Í bréfinu er kynnt að ráðuneytið hefur látið vinna drög að heildstæðu frumvarpi til náttúruverndarlaga.

Lagt fram til kynningar.

1.5. Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 29. ágúst 2012.

Í bréfinu kynnt rannsóknin Ungt fólk 1992-2012 - Æskulýðsrannsóknir í 20 ár.

Lagt fram til kynningar.

- 1.6. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 11. september 2012.**

Í bréfinu er boðað á ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 18. og 19. október nk. á Hellu.

Lagt fram til kynningar.
- 1.7. **Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi frá 3. september 2012.**

Í bréfinu er kynnt hvaða statarfsmenn eru kjörnir á þing BSRB. Alls er einn starfsmaður frá Hveragerði kjörinn en hann á að fá frí á fullum launum vegna fundarsetunnar samkvæmt kjarasamningi.

Lagt fram til kynningar.
- 1.8. **Elfu Dögg Þórðardóttur frá 17. september 2012.**

Í bréfinu óskar Elfa Dögg Þórðardóttir eftir breytingum á lóðamörkum og stækkun lóðar yfir bílastæði og hluta götu við gistiheimilið Frost og Funa.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur skipulags og bygginganefnd að vinna að framgangi þessi. Lagning slitlags niður að hótelinu mun taka breytingum í samræmi við framlagðar hugmyndir.
- 1.9. **Svavari K. Lúterssyni frá 6. september 2012.**

Í bréfinu er kynnt alþjóðlegt verkefni OpenStreetMap og óskað eftir upplýsingum frá Hveragerðisbæ vegna þess.

Lagt fram til kynningar en flest gögnin sem hér er óskað eftir eru aðgengileg á kortavef á heimasíðu bæjarins.

2. Starfsmanna málefni:

- 2.1. **Starfsmannastefna Hveragerðisbæjar.**

Lögð fram drög af starfsmannastefnu Hveragerðisbæjar sem afgreidd voru í fyrri umræðu á síðasta bæjarstjórnarfundni.

Samþykkt að vísa stefnunni til síðari umræðu í bæjarstjórn.

3. Tæknileg málefni:

- 3.1. **Samningur við Heiðar Inga Heiðarsson ofl, um afnotarétt.**

Lagður fram samningur við Heiðar Inga Heiðarsson ofl um afnotarétt

af kjallara íþróttahússins við Skólamörk.
Samningurinn samþykktur.

4. Fundargerðir til kynningar:

- 4.1. **Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 7. september 2012.**
- 4.2. **SASS frá 14. september 2012.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:55

.

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)